



Fundargerð

67. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
21. apríl 2026, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Hildur Björnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn: Hafþór Barði Birgisson, íþróttá- og tómstundafulltrúi, Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Frísk í Reykjaneshæ (2026040089)

Fríða Karen Gunnarsdóttir og Eva Katrín Friðgeirsdóttir mættu á fundinn og kynntu Frísk í Reykjaneshæ.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu og hrósar Keflavík, íþróttá- og ungmennafélagi og Ungmennafélaginu Njarðvík fyrir frumkvæðið að standa fyrir þessu mikla lýðheilsuverkefni.

2. Fundargerð Samtakahópsins 9. apríl 2026 (2026020246)

Fundargerð Samtakahópsins lögð fram.

3. Skessuskokk 2026 (2026040174)

Lýðheilsuráð minnir á Skessuskokkið á BAUN 2026 en Skessuskokkið fer fram laugardaginn 9. maí kl. 11:00.

4. Forvarnardagur ungra ökumanna (2026040175)

Árlegur forvarnardagur ungra ökumanna var haldinn í Tómsundamiðstöð Reykjaneshæjar þriðjudaginn 14. apríl sl. Nemendur á fyrsta ári í Fjölbrautaskóla Suðurnesja tóku þátt.

Markmiðið með verkefninu er að auka öryggi í umferðinni, fækka umferðarslysum og vekja ungmennin til umhugsunar um þá ábyrgð sem fylgir því að fá bílpróf.

Nemendur fengu fræðslu um afleiðingar umferðarlagabrota, sektir, tjónaskyldu og brot gegn þriðja aðila auk þess að upplifa að fara í veltibíl og prófa ölvunargleraugu.

Sviðsett var umferðarslys á planinu við Tómsundamiðstöðina við Hafnargötu 88 og fengu nemendur að sjá hvernig lögregla og sjúkraflutningamenn athafna sig þegar slys verður og klippa þarf bíl í sundur.

Lýðheilsuráð vill hrósa öllum þeim sem komu að framkvæmd þessa glæsilega verkefnis.

5. Sumar í Reykjaneshæ 2026 (2025080282)

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir vinnu við að setja upp sumarvefinn. Skilafrestur rennur út þann 22. apríl nk. og íþrótta- og tómstundatilboðin verða kynnt á fristundir.is innan skamms.

6. Hjólað í vinnuna 1.-31. maí 2026 (2026040176)

Lýðheilsuráð hvetur öll til þátttöku í verkefninu Hjólað í vinnuna sem fer fram 1. til 31. maí 2026.

7. Hljájan - lágbröskuldarþjónusta fyrir ungmenni (2025080515)

Lýðheilsuráð vill koma á framfæri kærum þökkum til þeirra sem komu Hljájunni, nýrri ráðgjafarþjónustu fyrir ungmenni, á laggirnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:34.